

Reglur um hvatapeninga árið 2016

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar fá öll börn á aldrinum 5-18 ára (fædd 1998-2011) kr. [kr. 30.000] í hvatapening á árinu 2016. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. **Hvatapeninga ársins 2016 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2015 og 2016. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2016 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára.**

Reglur um notkun hvatapeninga

1. Skilyrði þess að hægt sé að nýta hvatapeningana er að um **skipulagt starf** sé að ræða sem er stundað **undir leiðsögn** þjálfara eða leiðbeinanda og nær **yfir eina önn** eða **að lágmarki 10 vikur**. Undantekning er 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða er 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum og skátastarf.
2. Hvatapeningana er ekki hægt að nýta til að kaupa árskort í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglínganámskeið og dansnámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 16, 17 og 18 ára (fædd 1998, 1999 og 2000), þau geta nýtt hvatapeningana til að kaupa kort í líkamsræktarstöðvum.

*Samþykkt á fundi bæjarráðs
Garðabæjar*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*